

06 stjórnarfundur LH 17. Maí 2011

Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Mætt eru: Haraldur Þórarinnsson (HP), Gunnar Sturluson (GS), Oddur Hafsteinsson (OH), Sigrún Þórðardóttir (SP), Andrea (A)
Gestir : Oddrún Ýr Sigurðardóttir (OÝS), Haraldur Gunnarsson (HG), Halldór H. Halldórsson.

1. Fundargerð.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og mun verða birt á heimasíðu LH.

2. Hestadagar 2011.

Kynnt var skýrsla og uppgjör hestadaga 2011. Mikil ánægja er með viðburðinn og allir sammála um að vel hafi tekist. Samþykkt var að byrja að skipuleggja Hestadaga 2011 fyrir næsta ár.

3. Landsmót hestamanna 2011.

Farið var yfir stöðu landsmóts hestamanna 2011. Rætt var um rafmagns og þjónustuplan, ekki hefur náðst samkomulag um þessi þætti, samþykkt var að skrifa bréf til Gullhills þar sem farið er fram á að samningar verði uppfylltir. HG mun halda áfram með málið.

4. Hestatorg 2011.

Hestatorg verður með bás á Heimsmeistaramótinu í Austurríki.

5. Landsþing hestamanna

Fyrir lágu umsóknir frá hestamannafélaginu Fáki og Sindra um landsþing LH 2012. Stjórn LH ákvað að þiggja boð hestamannafélagsins Fáks um að vera gestgjafar landsþings LH 2012 þar sem komið sé að félagi á stór Reykjavíkursvæðinu að halda landsþing. Það hefur verið stefna LH að dreifa þingum sínum sem víðast um landið. Sjá meðfylgjandi töflu. Stjórn LH þakkar hestamannafélaginu Sindra fyrir þeirra áhuga á að bjóða sína krafta til að halda landsþing og hvetur félagið til sækja aftur um að halda þing.

6. Bréf frá Fræðslumiðstöð Suðurlands.

Með bréfinu óskar fræðslumiðstöð Suðurlands eftir stuðningi Landssambands hestamanna við umsókn miðstöðvarinnar um styrkbeiðni til Þróunarsjóðs um framhaldsmenntun. Stjórn samþykkti að styðja við umsóknina.

7. Ferða- og samgögnunefnd.

Halldór H. Halldórsson formaður ferða- og samgögnunefndar kynnti stöðu eftirfarandi mála:

a. Ferða og samgögnunefnd breytt nefndarskipan.

Kynnt voru breytt nefndarskipan,

Í stað Vilhjálms Ólafssonar kemur Sæmundur Eiríksson sem varaformaður,

Í stað Ásbergs Jónssonar kemur Eypór Gíslason á Norðvestursvæði 1,

Í stað Ólafs H. Einarssonar kemur Einar Á. E. Sæmundsson fyrir Suðursvæði 1.

b. Úthlutun reiðvegafjár 2011.

Kynnt var niðurstöður, sjá fylgiskjal frá Ferða- og samgögnunefnd. Sv svæði 9,0 m.kr.

Suðursvæði I 7,5 m.kr. Suðursvæði II 6,0 m.kr. Nv svæði I 6,0 m.kr. Nv svæði II 6.5 m.kr.

Na svæði I 6,5 m.kr. Na svæði II 4,0 m.kr. Reiðvegaskráning 4,5 m.kr.

c. Frumvarp til umferðarlaga.

Stjórn LH harmar að fallið hafi út í frumvarpi til umferðarlaga skilgreiningar á reiðvegi og ákvæði þess efnis að akstur vélknúinna ökutækja sé óheimill á reiðvegum s.s. var í drögum að frumvarpinu, Drög 0709. Halldór hefur fundað með Samgöngunefnd Alþingis vegna þessa.

d. Kortasjá.

Farið var yfir vinnu sem unnið hefur í kortsjánni, heildarkostnaður við skráningu reiðleiða frá upphafi er um 9,4 m.kr. Um 2500 km af reiðleiðum eru í kortasjánni, skráning reiðleiða í Árnessýslu er langt kominn, en reiðleiðir þar eru um 2000 km. og ættu að vera komnar í kortasjána í júní byrjun.

e. Sameiginleg heimasíða fyrir hjóla-, göngu- og reiðleiðir.

Halldór kynnti hugmyndir að samstarfi milli LH, UMFÍ, Ferðamálastofu, Vegagerðarinnar, Sambands Íslenskra Sveitarfélaga og Samtaka ferðaþjónustunnar um sameiginlega heimasíðu fyrir hjóla-, göngu og reiðleiðir á Íslandi.

e. Vatnajökulspjóðgarður.

Vegna mikillar óánægju útivistarhópa, sveitarfélaga ofl. aðila með samgöngur í Stjórnunar- og verðaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs ákvað stjórn þjóðgarðsins að efna til samráðsáætlunar um samgöngur í þjóðgarðinum. Í samráðshópnum eru níu manns, þ.e. fulltrúi þjóðgarðsins, fulltrúi vélknúinna farartækja, fulltrúi göngu- og hjólreiðamanna, fulltrúi hestamanna (Ragnhildur Sigurðardóttir), fulltrúi ferðaþjónustunnar, fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands, fulltrúi umhverfisverndarsamtaka, fulltrúi SAMÚT og fulltrúi sveitarfélaga.

f. Áningahólfasjóður.

Halldór spurði stjórn um stöðu Áningahólfasjóðs, í svari stjórnar kom fram að staða sjóðsins væri óbreytt frá því sem var og að fjármagn í honum væri um 850 þús. kr.

8. Önnur mál.

a. Bréf hestamannafélagsins Fáks

Stjórn LH vísaði erindi Fáks um val knapa í landslið Íslands í hestaíþróttum til umsagnar Landliðsnefndar LH. Landliðsnefnd LH óskaði einnig álits Æskulýðsnefndar LH um þetta málefni. Fram kemur í áliti þessara nefnda að ekki sé ástæða til að gera breytingar að svo stöddu á því fyrirkomulagi sem unnið hefur verið eftir.

Að loknum umræðum um þetta erindi ákvað stjórn LH að senda álit Landsliðsnefndar og Æskulýðsnefndar sem svar við erindi Fáks, og fylgja þau hér með.

Stjórn LH þakkar fyrir þetta erindi og hvetur til málefnalegrar umræðu um alla umgjörð landsliðs Íslands í hestaíþróttum.

b. Samningar milli BÍ og LH

Stjórn LH telur nauðsynlegt að flýta samstarfssamningum milli LH og BÍ eins og mögulegt er. HP og GS með málið.

c. Ferðapeningar

Skipuð voru Gunnar Sturluson og Sigrún Þórðardóttir til þess að koma með tillögur fyrir næsta stjórnarfund varðandi greiðslur til stjórnarmanna varðandi aksturpeninga.

